

Félagið Villikettir kt. 710314-1790, óskar eftir lóðarskika undir færanleg smáhýsi til að hýsa starfssemi félagsins.

Félagið Villikettir kemur að björgun mörg hundruð katta á hverju ári. Okkur vantar sárlega húsnæði til að hýsa kisur í neyð, kisur í heimilisleit, villikisur eftir geldingu, litla kettlinga og kettlingafullar læður. Félagið er eingöngu rekið af sjálfbóðaliðum og góðvild almennings.

Félagið Villikettir var stofnað snemma árs 2014 og starfar á landsvísu. Markmið félagsins er að stemma stigum við fjölgun villi- og vergangskatta með því að nota aðferð sem kölluð er TNR – Trap Neuter Return sem er alþjóðlega viðurkennd aðferð til að stemma stigum við fjölgun villikatta á mannúðlegan hátt. TNR snýst um að fanga villiketti í fellibúr, fara með þá til dýralæknis og láta gelda/taka úr sambandi, og skila þeim svo aftur út á þann stað sem þeir voru fangaðir á. Þar er svo hlúð að þeim eftir bestu getu með daglegum matargjöfum og skjóli. Villikettirnir fá þannig að ljúka æviskeið sínu við þær aðstæður sem þeir fæddust í, þeir sinna þar mikilvægu hlutverki við að halda burtu nagdýrum. Allir kettlingar sem finnast úti eru fangaðir, þeir „mannaðir“ eins og við köllum það þegar við venjum þá við mannfólk og heimili, og þeim er svo fundið framtíðar heimili.

Sl. 2 ár hefur félagið vaxið mikið og verkefnin verið gríðarstór. Við höfum ekki einungis sinnt því að fanga-gelda-skila villiköttum, heldur höfum við komið að mjög stórum verkefnum þar sem bjarga þurfti kisum úr afar slæmum aðstæðum af heimilum. Samtals björguðum við 300 kisulífum úr þessum aðstæðum og fundum þeim ný heimili.

Þessi verkefni hafa nánast sprengt félagið, bæði hefur lækniskostnaður verið hár og svo hefur reynst mikil vinna við það að finna öllum kisunum heimili, fósturheimili og athvarf. Við erum núna með lánshúsnæði fram að áramótum og því gríðarlega mikilvægt að okkur takist að finna okkur varanlegt húsnæði undir starfsseminum.

Við erum núna með söfnun á Karolínafund fyrir húsnæði, við stefnum á að kaupa 2 færanleg smáhýsi undir starfsseminum og því leitum við til Garðabæjar um afnot af lóð undir þessi smáhýsi.

<https://www.karolínafund.com/project/view/1840>

Dæmi um smáhýsin sem við höfum áhuga á að kaupa:

<https://www.husa.is/um-okkur/um-vorur/einingahus/ferdathjonustuhus/>

<http://landshus.is/um-husin/>

Með von um góðar undirtektir,

Stjórn Villikatta www.villikettir.is

Arndís Björg Sigurgeirsdóttir formaður

Arndís Kjartansdóttir ritari

Áslaug Eyfjörð gjaldkeri

Ragnheiður Gróa Hafsteinsdóttir meðstjórnandi

Fjóla Haraldsdóttir meðstjórnandi